



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 31. ágúst 2020

Tilvísun: 202008-0018

31. ágúst 2020

Breytingar á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónaveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar)

Óskað hefur verið eftir umsögn Alþýðusambands Íslands um frumvarp til breytinga á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónaveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar).

Um er að ræða frumvarp um breytingar á eftirfarandi lögum:

- Lög um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir, nr. 24/2020.
- Lög um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006.
- Lög um ábyrgðasjóð launa, nr. 88/2003.

I

Breyting á lögum um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir, nr. 24/2020

Lagt er til að framlengja gildissvið laga um greiðslur launa í sóttkví þannig að þau gildi út árið 2021. Það er mat ASÍ að lögini hafi haft sterkt forvarnargildi í sóttvörnum. Með því að tryggja laun fólks í sóttkví er dregið úr efnahagslegum skaða af sóttvörnum. ASÍ lýsir yfir stuðningi við að þessar heimildir séu framlengdar svo lengi sem þurfa þykir.

II

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006

Lagt er til að farið verði með ávinnslu fólks til atvinnuleysistrygginga sem er í atvinnutengdri starfsendurhæfingu með sama hætti og ef fólk hefur stundað nám, þ.e. að atvinnutengd



starfsendurhæfing teljist til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi. Jafnframt er aukið á svigrúm til að „geyma“ áunna atvinnuleysistryggingu vegna sjúkdóms eða slyss.

Fram að þessu hefur heimild atvinnuleitenda til þess að sækja sér aukna menntun verið mjög takmörkuð og skilyrðin þröng. Skýrt er kveðið á um að ef einstaklingur er í námi, sem skilgreint er í c-lið 3. gr. laga 54/2006 teljist viðkomandi ekki tryggður.

Lögð eru til bráðabirgðaákvæði utan um verkefnið *Nám er tækifæri*.

Alþýðusamband Íslands fagnar þeim breytingum sem lagðar eru til til rýmkunar á áunnum réttindum og því aukna svigrúmi sem gefið er til atvinnuleysistrygginga í frumvarpinu í gegnum nám. Breytingarnar eru jafnframt í fullu samræmi við niðurstöður Samhæfingarhóps um atvinnu og menntaúrræði, sem lagðar voru fyrir ríkisstjórn 18. ágúst sl. og ASÍ átti þátt í að móta.

Atvinnuleysistryggingar eru eitt sterkasta öryggisnet samfélagsins þegar harðnar á dalnum og nú ríður á að þetta það net. Miðstjórn ASÍ samþykkti á fundi sínum 19. ágúst síðastliðnum áskorun um ítarlegar aðgerðir til að tryggja afkomuöryggi fólks á meðan heimsfaraldurinn gengur yfir. Tillögur ASÍ eru eftirfarandi:

1. Hækkun grunnatvinnuleysisbóta

Hækkun grunnbóta í 95% af dagvinnutekjutryggingu. Bótafjárhæð hækki úr kr. 289.510 í kr. í 318.250, þ.e. um 9,9% frá núverandi fjárhæð.

2. Tekjutengdar atvinnuleysisbætur greiðist í sex mánuði

Tekjutengdar bætur verði greiddar frá fyrsta degi atvinnuleysis og í allt að sex mánuði og að hámark tekjutengingar verði hækkað í kr. 650.000.

3. Þak tekjutengdra atvinnuleysisbóta lág- og millitekjufólks verði hækkað

Fyrri tekjur upp að dagvinnutekjutryggingu, sem nemur nú kr. 335.000 skerði ekki tekjutengdar atvinnuleysisbætur.

4. Lenging bótaréttar atvinnuleysistrygginga í 3 ár

Bótatímabil atvinnuleysistrygginga verði lengt úr 30 mánuðum í 36 mánuði.

5. Fjármagn til vinnumarkaðsaðgerða tryggt í fjármálaáætlun

Fullnægjandi fjármagn verði tryggt í fjármálaáætlun til næstu ára til að halda úti vinnumarkaðsaðgerðum með þjónustu, stuðningi og námstækifærum fyrir atvinnuleitendur.

6. Lög um atvinnuleysistryggingar endurspegli betur möguleika til þátttöku í virkniúrræðum

Endurskoða þarf lögina um atvinnuleysistryggingar til að mæta betur möguleikum atvinnuleitenda til að nýta náms- og önnur virkniúrræði sem eru í boði.



7. Framlenging hlutabótaleiðarinnar

Núgildandi hlutabótaleið verði framlengd til 1. júní 2021.

Sjá nánar á meðfylgjandi minnisblaði.

Af þessum aðgerðum er það einungis aðgerð nr. 2 og nr. 6 sem lagðar eru til í þessu frumvarpi og því vantar umtalsvert upp á að afkomuöryggi fólks sé tryggt. Í þessu sambandi skal áréttað að afkomuvandi einstaklinga og heimilda getur haft mjög skaðleg áhrif fyrir hagkerfið í heild sinni. Á krepputímum verða stjórnvöld að tryggja framfærslu fólks og koma þannig í veg fyrir að kreppan verði dýpri og skaðlegri en hún þarf að vera.

Það veldur vonbrigðum að einungis sé lagt til að framlengja hlutabótaleiðina til tveggja mánaða. Þetta veldur óvissu fyrir bæði launafólk og fyrirtæki sem geta ekki skipulagt sig fram í tímann og kemur sérlega illa niður á launafólki og fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Hlutabótaleiðin hefur gagnast afar vel í að takast á við efnahagslegar afleiðingar Covid-19. Með henni viðhelst ráðningasamband sem veitir launafólki öryggi, ásamt því að fyrirtæki geta haldið áfram að starfa þrátt fyrir tekjufall.

ASÍ fer fram á að hlutabótaleiðin verði framlengd fram á mitt næsta ár hið minnsta.

Jafnframt áréttar ASÍ mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingar verði endurskoðaðar til að mæta þeirri brýnu þörf að tryggja framfærsluöryggi fólks, koma í veg fyrir að samfélagslegur skaði verði meiri en nú þegar er orðinn og að kerfið sinni því grunnhlutverki sínu að grípa fólk þegar harðnar á dalnum.

Virðingarfyllst,

Drífa Snædal

Forseti ASÍ



19.8.2020

Áherslur ASÍ um breytingar á atvinnuleysistryggingum og framlengingu hlutabótaleiðarinnar

Við þær aðstæður sem nú eru á vinnumarkaði og fyrirsjáanlegar eru á næstu misserum er brýnna sem aldrei fyrr að gera umbætur á atvinnuleysistryggingum. Forða þarf fólki sem misst hefur vinnu frá enn verri áföllum en felast í atvinnumissi með því að tryggja afkomuöryggi þess og aðstoða við að komast út á vinnumarkaðinn að nýju. Það er gert með því að veita atvinnulausum þjónustu og tækifæri til að styrkja sig og efla hæfni sína og þekkingu og bjóða menntun og þjálfun til nýrra starfa.

Ísland er norrænt velferðarríki þar sem leitast er við að tryggja afkomu fólks. Það hefur skilað Íslandi því að vera meðal auðugustu þjóða heims, þar sem tekjujöfnuður er hvað mestur og fátækt hvað minnst. Atvinnuþátttaka er mjög há á Íslandi og atvinnuleysi alla jafna lágt. Engu að síður eru atvinnuleysistryggingar hærri en víða annars staðar. Þetta afsannar þá lífsseigu kenningu að atvinnuleysistryggingar séu letjandi til atvinnuleitar. Hvergi í heiminum hefur sú aðferð að svelta fólk út af bótum skilað árangri.

Skortur á afkomuöryggi getur haft miklar langtímaafleiðingar fyrir einstaklinga og fjölskyldur sem er jafnframt mjög dýrkeypt samfélagslega. Tekjufall einstaklinga hefur dómínó-áhrif á hagkerfið í heild sinni og getur leitt til þess að kreppan vegna COVID-19 verður dýpri og langvinnari en ella.

Atvinnuleysi var þegar vaxandi áður en heimsfaraldurinn COVID-19 skall á og aukin hættu er á langtímaatvinnuleysi. Mikil óvissa ríkir í atvinnulífinu og ákveðnar atvinnugreinar eru nánast óstarfhæfar. Ekki er hægt að segja við fólk að leggja harðar að sér í atvinnuleit við slíkar aðstæður, þegar engin störf er að hafa.

ASÍ leggur til að grunnbætur verði hækkaðar þegar í stað, tímabil tekjutengingar lengt, tekjutengdar bætur hækki verulega, dregið úr skerðingum og bótaréttur lengdur. Nauðsynlegt er að áréttu að atvinnuleysisbætur koma í stað heildarlauna þeirra sem missa atvinnuna og því er mikilvægt að tryggja þeim sem missa atvinnuna svigrúm til að standa við fjárhagslegar skuldbindingar. Samhliða verði tryggt fullnægjandi fjármagn til að halda úti vinnumarkaðsaðgerðum með þjónustu, stuðningi og námstækifærum fyrir atvinnuleitendur en slíkt er lykilatriði til að draga úr neikvæðum afleiðingum atvinnumissis fyrir einstaklinga og til að styrkja atvinnulíf og efnahag til framtíðar. Samhliða þarf að standa að umfangsmikilli atvinnusköpun með áherslu á nýjar greinar og nýsköpun og með það að leiðarljósi að byggja ekki upp að nýju starfsemi sem er óvænleg til framtíðar, ekki síst með tilliti til umhverfismála og tæknibreytinga.

Núverandi staða:


- Grunnbætur atvinnuleysistrygginga eru kr. 289.510.
- Tekjutengdar bætur greiðast mest í þrjá mánuði og svara 70% af meðaltali heildarlauna tveimur mánuðum fyrir atvinnumissi, að hámarki kr. 456.404.
- Stuðningur vegna barna nemur 4% af grunnbótum kr. 11.580.
- Dagvinnutekjutrygging skv. kjarasamningum er kr. 335.000.
- Bótarréttur er að hámarki 30 mánuðir en var áður 36 mánuðir.

Tillögur ASÍ

ASÍ leggur fram tillögur í sjö liðum. Samanlagt munu þessar tillögur draga úr þeim samfélagslega og efnahagslega skaða sem kreppan vegna Covid-19 kann að valda til framtíðar.

1. Hækkun grunnatvinnuleysisbóta:

Hækkun grunnbóta í 95% af dagvinnutekjutryggingu. Bótafjárhæð hækki úr kr. 289.510 í kr. í 318.250, þ.e. um 9,9% frá núverandi fjárhæð.




Mynd 1: Grunnbætur Atvinnuleysistrygginga sem hlutfall af fyrri launum. - Áhrif hækkunar grunnbóta í 95% af dagvinnutekjutryggingu.

2. Tekjutengdar atvinnuleysisbætur greiðist í sex mánuði

Tekjutengdar bætur eru nú greiddar í þrjá mánuði að loknum tveggja vikna biðtíma þar sem greiddar eru grunnbætur. ASÍ leggur til að tekjutengdar bætur verði greiddar frá fyrsta degi atvinnuleysis og í allt að sex mánuði.

3. Þak tekjutengdra atvinnuleysisbóta verði hækkað

Fyrri tekjur upp að dagvinnutekjutryggingu, sem nemur nú kr. 335.000 skerði ekki tekjutengdar atvinnuleysisbætur. Þá hækki hámark tekjutengdra atvinnuleysisbóta í kr. 650.000.



Mynd 2: Tekjutengdar atvinnuleysisbætur sem hlutfall af fyrri launum – Samanlögð áhrif hækkunar grunnbóta og minni tekjuskerðingar.

4. Lenging bótaréttar atvinnuleysistrygginga í 3 ár

Bótatímabil atvinnuleysistrygginga var stýtt úr þremur árum í tvö og hálf ár í upphafi árs 2015 í mikilli andstöðu við ASÍ. Ljóst er að núverandi ástand eykur hættuna á að langtímaatvinnuleysi aukist og að aukinn fjöldi fólks fullnýti bótarétt sinn og hafi þá ekki að öðru að hverfa en fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna.

Bótatímabil atvinnuleysistrygginga verði því lengt úr 30 mánuðum í 36 mánuði.

5. Fjármagn til vinnumarkaðsaðgerða tryggt í fjármálaáætlun

Fullnægjandi fjármagn verði tryggt í fjármálaáætlun til næstu ára til að halda úti vinnumarkaðsaðgerðum með þjónustu, stuðningi og námstækifærum fyrir atvinnuleitendur.

6. Lög um atvinnuleysistryggingar endurspegli betur möguleika til þátttöku í virkniúrræðum

Endurskoða þarf lög in um atvinnuleysistryggingar til að mæta betur möguleikum atvinnuleitenda til að nýta náms- og önnur virkniúrræði sem eru í boði og styrkja stöðu sína á vinnumarkaði.

7. Framlenging hlutabótaleiðarinnar

Þar sem allt útlit er fyrir að beita þurfi sóttvarnaraðgerðum sem takmarka ýmsa starfsemi til skemmri eða lengri tíma næstu misserin telur ASÍ rétt að framlengja núgildandi hlutabótaúrræði sem nýst hefur vel á undanförunum mánuðum. Með því má draga úr atvinnuleysi og koma í veg fyrir að fjöldi fólks missi með öllu ráðningasamband sitt og tengsl við vinnumarkaðinn.

Núgildandi hlutabótaleið verði framlengd til 1. júní 2021.

Umsögn frá Bandalagi íslenskra listamanna, Sviðslistasambandi Íslands og Félagi íslenskra leikara og sviðslistafólks vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar, 972. mál <https://www.althingi.is/altext/150/s/2036.html>)

Það er búið að vera ljóst frá upphafi þessara aðgerða að flækjustig umhverfisins hefur valdið því að listamenn hafa ekki getað nýtt sér þau réttindi sem VMST veitir með sama hætti og annað launafólk í landinu. Núna þegar haustið gengur í garð eru áhyggjur listamanna jafnvel en meiri. Í vor þegar VMST varð fyrri því áhlaupi sem við þekkjum sótti eingöngu lítill hluti listamanna til VMST, eða um 30% þeirra sem þó höfðu sannanlega tapað verulegum tekjum. Það má álykta að þessi stóri hópur sem ekki sótti til VMST hafi beðið þolinmóður eftir því að vinnuumhverfið tæki við sér og listamenn gætu aftur hafið störf með einhverjum hætti. Þetta hafa listamenn gert alla tíð. En það lítur ekki út fyrir að starfsumhverfið muni taka miklum breytingum. Enn eru staðir lokaðir, viðburðir háðir ströngum skilyrðum, alþjóðlegt samstarf ómögulegt og viðburðahaldarar og útgefendur halda að sér höndum. Vitandi það hversu stór hópur var kominn í vandræði í vor má áætla að nú hafi hlaðist upp snjóhengja.

Það er alvarlegt að hlutabótaleiðin hefur ekki gagnast sjálfstætt starfandi listafólki sem skyldi. Það er mjög slæmt að lokunarstyrkir voru ekki veittir til sjálfstæðra listamanna, hvorki hópa né einstaklinga, sem hafa engar bætur fengið vegna viðburða sem þurfti að aflýsa, svo ekki sé minnst á hrap í miðasölu í aðdraganda fyrstu samkomutakmarkana. Það ástand sem mætir einyrkjum í blönduðum rekstri þegar kemur að umsókn atvinnuleysisbóta er grafalvarlegt, eins og við skiljum það þá þarf fólk að velja hvort það ætlar að sækja um bætur fyrir verktakalaun eða launþegalaun, en getur ekki sótt bætur fyrir hvoru tveggja samtímis, auk þess sem þeir sem telja fram á ársgrunni eru í mjög vondum málum. Í þessu frumvarpi er vissulega ýmislegt ágætt þá sérstaklega frestun þess að fólk fari á „strípaðar“ atvinnuleysisbætur, það mun nýtast listamönnum sem og öðrum sem eru á annað borð samþykktir inn í bótakerfi VMST.

Sjálfstætt starfandi listafólk á allt sitt undir því að geta selt miða á viðburði og ef gestafjöldi er verulega takmarkaður þarf sá peningur að koma annars staðar frá. Það sem myndi hjálpa fólki mest væri að geta þegið laun á meðan ástandið varir (atvinnuleysisbætur/styrki/borgaralaun eða annað viðlíka) og fá að iðka sína list á meðan, án kröfu um virka atvinnuleit eða nám.

Listamenn hafa ítrekað beðið VMST um greiningu á stöðu þeirra innan stofnunarinnar en ekki fengið viðunandi svör. BÍL mun því núna leggja í aðra greiningu á stöðunni á næstu dögum í samstarfi við BHM og verður fróðlegt að sjá hvernig landsslagið lítur út þetta haustið.

Að þessu sögðu má segja að allar þær athugasemdir sem listamenn hafa sent frá sér frá upphafi þessarar stöðu séu en í gildi. Bandalag listamanna bennti á þá leið snemma sumars að það yrði að einfalda þessi úrræði öll koma á einföldu geiðslukerfi svo fólk gæti notið í því minnsta, grunnframfærslu og svo mætti reikna eftir á. Komi ekkert til sem gerir fólki kleift að sinna vinnu sinni á meðan Covid ástand varir þá horfir til verri vegar fyrir listir í landinu. Strax nú í haust má búast við því að fólk sækir í nám, og þar sem framhaldsnám í listum er mjög takmarkað á Íslandi verður að gera ráð fyrir því að þetta fólk fari að læra eitthvað annað en það hefur hingað til starfað við. Fólk sem ekki getur séð sér farborða hér og fær ekki atvinnuleysisbætur mun fyrirsjáanlega reyna fyrir sér erlendis jafnvel þótt ástandið sé ekki betra þar. Í öllu falli horfir við okkur raunverulegur möguleiki á alvarlegum spekileka úr faginu. Við yfirferð þessa frumvarps verður ekki séð í fljótu bragði að til standi að lagfæra stöðu sjálfstætt starfandi listamanna gagnvart VMST og það er yfirsjón sem þarf að lagfæra.

Bandalag íslenskra listamanna
Erling Jóhanesson forseti BÍL

Sviðslistasamband Íslands
Birna Hafstein

Félag íslenskra leikara og sviðslistafólks
Hrafnhildur Theodórsdóttir

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2020

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar), 972 mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar framangreint frumvarp sem felur í sér ýmis viðbrögð stjórnvalda til þess að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru á vinnumarkað og efnahagslíf hér á landi. Um er að ræða breytingar á lögum um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví, lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um Ábyrgðarsjóð launa sem flestar eiga það sameiginlegt að fela í sér tímabundin úrræði vegna þeirra aðstæðna sem nú eru uppi á vinnumarkaði.

Breyting á lögum um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirætlum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktir, nr. 24/2020

Hinn 24. mars sl. tóku gildi lög sem tryggja launafólki og sjálfstætt starfandi einstaklingum, sem sæta þurfa sóttkví samkvæmt fyrirætlum yfirvalda, laun fyrir þann tíma. Úrræðið tók upphaflega til tímabilsins frá 1. febrúar 2020 til og með 30. apríl 2020 en var framlengt til 30. september með lögum nr. 37/2020. Nú stendur til að framlengja úrræðið til 31. desember 2020.

BSRB skilaði umsögn til velferðarnefndar Alþingis þegar frumvarp til laga nr. 24/2020 var til meðferðar hjá nefndinni. Þar var úrræðinu fagnað, enda mikilvægt verkfæri í baráttunni við áhrif kórónuveirunnar hér á landi. Á þeim tíma var mikil óvissa uppi um réttindi og stöðu launafólks sem sæta þurfti sóttkví, og gat þ.a.l. ekki sinnt sínum störfum á sama tíma. Í umsögn sinni, dags. 18. mars 2020, benti bandalagið hins vegar einnig á að líta þyrfti sérstaklega til foreldra sem var gert ómögulegt að sinna sínum störfum vegna barna sinna sem þurftu að sæta sóttkví.

Í kjarasamningum eru ákvæði um rétt til launaðra fjarvista frá vinnu vegna veikinda barna, en þau ákvæði ná ekki yfir tilvik þar sem barn starfsmanns sætir sóttkví, þar sem barnið telst ekki vera veikt í þeim skilningi. Lítið var til athugasemda bandalagsins á síðari stigum og eru nú ákvæði um þennan rétt í lögnum, sbr. a. liður 1. mgr. 5. gr. laganna. Það er fagnaðarefni.

Eins og fyrr segir stendur nú til að framlengja úrræðið til áramóta og er því fagnað af hálfu BSRB. Um er að ræða mikilvægt úrræði sem hefur nýst þeim vel sem það þurfa, þó þeir séu heldur færri en upphaflega var gert ráð fyrir. BSRB hvetur þó til þess að gengið verði enn lengra og að afkoma foreldra sem geta ekki sinnt störfum sínum vegna lokunar á leik- eða grunnskólum barna þeirra verði einnig tryggð. Þannig er mikilvægt að þeim verði tryggðar launagreiðslur eins og um sóttkví sé að ræða.

Undanfarið hafa komið upp fjölmörg tilfelli þess að skólum sé lokað vegna smita í hópi starfsfólks og eflaust munu fleiri slík tilfelli koma upp í vetur. Við slíkar aðstæður getur foreldrum verið gert ókleift að sinna störfum sínum og því þyrfti að líta til þess eins og um sóttkví sé að ræða þó börnin sjálf séu ekki í sóttkví að fyrirmælum yfirvalda. Það er von BSRB að litið verði sérstaklega til slíkra tilfella við meðferð frumvarpsins hjá nefndinni.

Breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 54/2006

Ein af megináherslum BSRB í gegnum heimsfaraldur kórónuveiru hefur verið að tryggja afkomu heimila landsins. Það er gríðarlega mikilvægt í ljósi mikils atvinnuleysis og erfiðra skilyrða í íslensku efnahagslífi. Í þessu sambandi hefur bandalagið hvatt stjórnvöld til þess að hækka fjárhæðir atvinnuleysisbóta þannig að þær fylgi launahækkunum sem hafa orðið á kjarasamningum undanfarin ár, lengja bótatímabil og lengja tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta.

Hinn 1. janúar 2020 hækkuðu grunnatvinnuleysisbætur um 9.790 kr., sem er talsvert lægri fjárhæð en kjarasamningar á bæði almennum og opinberum vinnumarkaði tryggðu launafólki. Þeir samningar voru almennt gerðir á grundvelli sammings sem í daglegu tali hefur verið nefndur Lífskjarasamningurinn og var gerður með aðkomu bæði aðila vinnumarkaðsins og stjórnvalda.

BSRB vill ítreka þá skoðun sína að nauðsynlegt er að hækka atvinnuleysisbætur úr 289.510 kr. á mánuði í 320.720 kr., en það jafngildir hækkun kauptaxta samkvæmt Lífskjarasamningnum á árunum 2019 og 2020. Mikilvæg er að fjárhæðir atvinnuleysistrygginga fylgi launahækkunum til samræmis við kjarasamninga til þess að stuðla að sem minnstum ójöfnuði hér á landi.

BSRB fagnar því þó sérstaklega að nú standi til að lengja rétt til tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í sex, en telur að einnig þurfi að hækka tekjutengdar greiðslur atvinnuleysistrygginga. Tekjutengdar atvinnuleysisbætur eru nú að hámarki 456.404 kr. á mánuði og aðeins er greitt sem nemur 70% af fyrri launum. Til samanburðar má benda á að hámarksábyrgð Ábyrgðasjóðs launa er 633.000 kr. á mánuði og laun í uppsagnarfresti nema að hámarki 633.000 kr. á mánuði, sbr. lög nr. 50/2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti.

Atvinnuleysi er fólki almennt erfitt og fjárhagslegt óöryggi sem því veldur mikill streituvaldur. Með hækkun tekjutengdra atvinnuleysistrygginga og hækkun grunnbóta yrði framfærsla þess stóra hóps sem úrræðið mun ná til að öllu leyti betur tryggð. Fólki yrði betur í stakk búið til að takast á við atvinnuleit, taka ákvarðanir um nám eða aðrar leiðir til að afla sér lífsviðurværis til framtíðar. Hækkunin myndi einnig leiða til aukinnar kaupgetu mörgþúsund einstaklinga og vinna þannig gegn enn frekari samdrætti í efnahagslífinu.

Bandalagið leggur því mikla áherslu á framangreint, á sama tíma og því er fagnað að lengja eigi tímabil tekjutengdra atvinnuleysisbóta úr þremur mánuðum í sex mánuði.

BSRB á fulltrúa í samhæfingarhópi um atvinnu- og menntaúrræði sem skipaður var af félags- og barnamálaráðherra annars vegar og mennta- og menningarmálaráðherra hins vegar. Bandalagið lýsir yfir stuðningi sínum við tillögur hópsins og telur þær til þess fallnar að stuðla að mýkri lendingu fyrir efnahagslíf vegna heimsfaraldursins.

Það er jákvætt að mati bandalagsins að þeim sem þiggja atvinnuleysisbætur og eru í virkri atvinnuleit verði gert heimilt að stunda háskólanám sem nemur 12 ECTS einingum, enda hefur það valdið vandræðum í framkvæmd að hafa hámarkið 10 einingar í ljósi þess að flest námskeið á háskólastigi eru metin til 6 ECTS eininga. Í frumvarpinu er jafnframt gert ráð fyrir að sérstakt átak stjórnvalda feli í sér heimild atvinnuleitenda til þess að stunda nám í ákveðnum greinum á framhalds- og háskólastigi samhliða atvinnuleysisbótum í eina önn, á grundvelli sérstaks námssamnings við Vinnumálastofnun. Í þessu sambandi er nefnt að úrræðið sé hægt að nýta á vorönn árið 2021, haustönn árið 2021 eða vorönn árið 2022. BSRB leggur til að úrræðið verði lengt í tvær námsannir sem yrði þá hægt að nýta sem heilt skólaár eða á vor- og haustönn 2021, enda stuðlar það að mun meiri fyrirsjáanleika og stöðugleika fyrir þá sem nýta sér úrræðið.

Í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008 var gert átak í því að opna menntakerfið fyrir atvinnuleitendum, sem byggði á þeirri hugsun að virkni sé jákvæð fyrir einstaklinga og að fólki farnist almennt betur ef það helst í virkni á umbreytingartímum í þeirra lífi. Á þeim tíma áttu ákveðnir hópar framhaldsskólanema rétt til að stunda nám samhliða atvinnuleysisbótum í allt að fjórar annir. Í greiningum sem gerðar voru á áttakinu *Nám er vinmandi vegur* kom í ljós að framfærslu- og fjárhagsáhyggjur höfðu mikil áhrif á brotthvarf nemenda frá námi.¹

Framangreindar breytingar virðast gerðar með sömu markmið í huga en þó virðist skorta að litið sé til lengri tíma í slíkum úrræðum og að fjárhagslegt öryggi atvinnuleitenda sé tryggt á meðan þeir ganga í gegnum tímabil breytinga og enduruppbyggingar, en framfærsla námslána er t.a.m. töluvert lægri en grunnfjárhæðir atvinnuleysisbóta.

¹ Skýrsla félags- og húsnæðismálaráðherra um árangur vinnumarkaðsaðgerða fyrir ungt fólk, lögð fyrir Alþingi á 142. löggjafarþingi árið 2013, bls. 33.

Breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 54/2006 og lögum um Ábyrgðarsjóð launa nr. 88/2003

Að lokum vill BSRB koma á framfæri athugasemdum sínum um framlengingu á því úrræði sem atvinnurekendur telja hafa nýst hvað best undanfarna mánuði, á meðan faraldurinn hefur geisað hér á landi og haft mikil neikvæð áhrif á efnahagslíf landsins, og hefur í daglegu tali verið nefnt hlutabótaleiðin. BSRB lýsti yfir stuðningi sínum við úrræðið með umsögn dags. 18. mars 2020 en kom þó á framfæri tilteknum athugasemdum um fjárhæðir sem voru teknar til greina að vissu leyti. Úrræðið var upphaflega sett tímabundið til 1. júlí 2020 en var síðar framlengt til 1. september, eða um tvo mánuði. Nú stendur aftur til að framlengja úrræðinu um tvo mánuði, eða til 31. október 2020.

Þegar úrræðið var sett upphaflega var uppi mikil óvissa og því skiljanlegt að stjórnvöld hafi gert úrræðið tímabundið til skamms tíma. Núna hálfu ári síðar er staðan að vissu leyti önnur og flestir sérfræðingar á þeirri skoðun að það muni taka tíma fyrir efnahagslífið að ná jafnvægi á ný. Af þeim sökum telur BSRB að framlengja þurfi úrræðið til lengri tíma en tveggja mánaða. Það myndi fela í sér mun meiri fyrirsjáanleika fyrir atvinnurekendur og veita þeim jafnframt betra verkfæri í sinni baráttu, þegar kemur að því að halda rekstri sínum gangandi og viðhalda starfsfólki sínu og þeirri þekkingu sem það býr yfir. Slíkur fyrirsjáanleiki getur verið lykilatriði fyrir bætt rekstrarumhverfi fyrirtækja á þeim óvissutímum sem nú eru uppi.

BSRB er reiðubúið til þess að fylgja umsögn sinni eftir og mæla fyrir henni á fundi nefndarinnar, verði þess óskað.

Fyrir hönd BSRB



Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur

Nefndasvið Alþingis
b.t. velferðarnefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 31. ágúst 2020

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar) (972. mál)

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til umsagnarbeiðni velferðarnefndar um ofangreint þingmál, á þingskjali 2036. FA fagnar frumvarpi þessu, enda hefur félagið að undanfögnu talað fyrir því að stuðningsaðgerðir þær fyrir fyrirtæki, sem gripið var til á vegum stjórnvalda síðastliðið vor, yrðu endurskoðaðar með hliðsjón af tvennu. Annars vegar þarf að meta vel hvaða úrræði hafa nýtt fyrirtækjum vel í glímunni við efnahagslegar afleiðingar farsóttarinnar og hver síður og gera breytingar í framhaldi af því mati. Hins vegar þarf að endurskoða gildistíma þeirra úrræða, sem ekki leikur vafi á að hafa hjálpað fyrirtækjum að takast á við afleiðingar faraldursins, í ljósi þess að hann virðist munu dragast meira á langinn en margir vonuðu síðastliðið vor.

Tvær tillögur frumvarpsins snúa einkum að hagsmunum félagsmanna FA; framlenging ákvæða um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að vera sýktur (1. gr.) og framlenging hlutabótaleiðarinnar (7., 8. og 10. gr.)

Hvað fyrrnefndu tillöguna varðar, telur FA stuðning ríkisins vegna launagreiðslna í sóttkví eitt þeirra úrræða sem skilað hafa góðum árangri. Könnun sem gerð var meðal félagsmanna FA 20-24. ágúst sl. sýndi að um 21% fyrirtækjanna hafa nýtt það. FA er jafnframt sammála því mati ráðuneytisins að mikilvægt sé að einstaklingar geti fylgt fyrirmælum yfirvalda um sóttkví án þess að hafa áhyggjur af afkomu sinni, enda sé ákvörðun um sóttkví tekin með hagsmuni heildarinnar í huga. FA telur skynsamlegt að framlengja þessa ráðstöfun út næsta ár, enda sér engan veginn fyrir endann á faraldrinum eða sóttvarnaaðgerðum, sem gripið kann að verða til hans vegna.


Hvað síðarnefndu tillöguna varðar, er hlutabótaleiðin klárlega í hópi þeirra stuðningsúrræða stjórnvalda, sem gagnast hafa atvinnulífinu bezt í heimsfaraldrinum. Í áðurnefndri könnun á meðal félagsmanna FA sagðist rétt um helmingur hafa nýtt sér hana. Þá var framlenging hlutabótaleiðarinnar efst á blaði, ásamt lækkunum skatta og opinberra gjalda, yfir þær aðgerðir sem fyrirtækin töldu nauðsynlegt að ráðast í til að auðvelda þeim áframhaldandi baráttu við efnahagslegar afleiðingar faraldursins.

FA styður því eindregið þá tillögu að framlengja hlutabótaleiðina en telur að tveggja mánaða tímabil sé of stutt. Augljóst er að áfram eru miklir erfiðleikar og óvissa hjá fyrirtækjum, ekki síst í ferðaþjónustu og í greinum tengdum ferðaþjónustunni. Til að draga úr óvissunni ætti að

framlengja hlutabótaleiðina að minnsta kosti til áramóta meðan á endurskoðun stuðningsaðgerða ríkisins í heild standur.

FA áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,


Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Nefndarsvið Alþingis sendi mér til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum til a mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar), 972. mál.

Ekki er af minni hálfu ástæða til að gera athugasemdir við frumvarpið eða einstakar greinar þess sem ég tel almennt horfa til bóta. Með tillit til 9. gr. þess og umræðu um fjárhæð atvinnuleysisbóta leyfi ég mér þó að vekja athygli nefndarinnar á þýskri löggjöf um stytta vinnu (Kurzarbeit) sem felur það í sér að fyrirtæki, sem draga þurfa úr starfsemi, geta í stað uppsagnar starfsmanna og að uppfylltum vissum skilyrðum fengið framlag sem svara 60% af launum fyrir þann vinnutíma sem niður fellur. Reyndist þetta fyrirkomulag vel í fjármálakreppunni 2008/09 og er talið eiga stóran þátt í því að atvinnuleysi jókst ekki í Þýskalandi á þeim tíma sbr. grein í fréttabréfi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins 15. júní sl. (<https://www.imf.org/en/News/Articles/2020/06/11/na061120-kurzarbeit-germanys-short-time-work-benefit>). Mér er að sjálfsögðu ljóst að slíkt fyrirkomulag þarfnast ítarlegri skoðunar og undirbúnings en við verður komið á þeim tíma sem nú er til ráðslags en bendi á þetta sem efni sem hugsanlega má nýta í frekari stefnumörkun í þessum málum.

Virðingafyllst

Indriði H. Þorláksson



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
velferðarnefnd
nefnadasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. ágúst 2020.

Umsögn KPMG ehf. um „frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar), á þingskjali 2036 – 972. mál.

KPMG hefur kynnt sér framangreint frumvarp og sér ástæðu til að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri.

Með lögum nr. 23/2020 voru breytingar gerðar á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, sem m.a. fólu í sér rétt launþega til atvinnuleysisbóta samhliða lækkuðu starfshlutfalli vegna tímabundins samdráttar í starfsemi vinnuveitenda. Réttur þessi hefur verið nefndur hlutabótaleið og er það orð notað í umsögn þessari. Með lögum nr. 44/2020 var bráðabirgðaákvæði XV aukið við lög 54/2006, sem fól í sér breytingar á hlutabótaleiðinni og framlengingu gildistíma hennar til loka ágústmánaðar 2020.

Í 8. gr. lagafrumvarps þess sem hér er til umfjöllunar er lögð til framlenging á gildistíma hlutabótaleiðarinnar til loka októbermánaðar n.k. með því að í stað dagsetningarinnar 31. ágúst 2020 komi 31. október 2020 í 2. málsl. 1. mgr. nefnds ákvæðis XV til bráðabirgða.

KPMG saknar þess að í frumvarpinu er ekki vikið að samþættingu hlutabótaleiðarinnar og stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar í uppsagnarfresti, skv. ákvæðum laga nr. 50/2020. Álitæfni þar að lútandi verða best dregin fram með eftirfarandi dæmum.

Dæmi 1

Vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis á sviði ferðaþjónustu var um miðjan marsmánuð 2020 starfshlutfall hóps launþega þess lækkað úr 100% í 25%. Launþegarnir nýttu sér hlutabótaleiðina á tímabilinu frá 15. mars til 30. apríl 2020. Vegna fyrirsjáanlegs aukins samdráttar í starfseminni sagði fyrirtækið þessum hópi starfsmanna upp störfum frá og með 1. maí 2020 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Á uppsagnarfrestinum naut fyrirtækið stuðnings úr ríkissjóði, skv. ákvæðum laga nr. 50/2020, þ.e. vegna launagreiðslna fyrir mánuðina maí, júní og júlí 2020. Þegar vel var liðið á júlímánuð sá fyrirtækið fram á aukin umsvif í starfseminni og réð aftur til starfa í 100% starfshlutfall frá og með 1. ágúst 2020, nokkra þeirra launþega sem áður hafði verið sagt upp störfum. Í kjölfar birtingar, þann 18. ágúst 2020, á reglugerð nr. 800/2020, um sóttkví og einangrun og sýnatöku við landamæri Íslands vegna COVID-19, sá fyrirtækið að brotnar voru forsendur fyrri væntinga um aukin umsvif starfseminnar. Hyggur það á lækkun starfshlutfalls þeirra launþega, sem endurráðnir voru frá 1. ágúst 2020, úr 100% í 50% frá og með 1. september 2020. Álitæfni sem hér er varpað fram er hvort umræddum launþegum standi hlutabótaleiðin til boða mánuðina september og október 2020.

Dæmi 2

Vegna samdráttar í starfsemi þjónustufyrirtækis var um miðjan marsmánuð 2020 starfshlutfall hóps launþega þess lækkað úr 100% í 25%. Launþegarnir nýttu sér hlutabótaleiðina á tímabilinu frá 15. mars til 31. maí 2020. Vegna fyrirsjáanlegs aukins samdráttar í starfseminni sagði fyrirtækið þessum hópi starfsmanna upp störfum frá og með 1. júní 2020 með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Á uppsagnarfrestinum naut fyrirtækið stuðnings úr ríkissjóði, skv. ákvæðum laga nr. 50/2020, þ.e. vegna launagreiðslna fyrir mánuðina júní, júlí og ágúst 2020. Vel hefur tekist til við endurskipulagningu á starfsemi fyrirtækisins og vill það nú endurráða nokkra launþegana í 50% starfshlutfall. Álitæfni sem hér er varpað fram er hvort endurráðnu launþegunum muni standa hlutabótaleiðin til boða mánuðina september og október 2020.

KPMG telur að fjölmörg séu tilvik af þeim toga sem í dæmunum er lýst. Jafnframt telur KPMG ástæðu vera til að tryggja launþegum, sem eru í slíkri stöðu, rétt til nýtingar hlutabótaleiðarinnar í september og október 2020. Sökum hins afar knappa tíma sem gafst til umsagnar um frumvarpið hefur KPMG ekki séð sér fært að móta tillögu að frumvarpstexta sem að því miðar.

Virðingarfyllt,

KPMG ehf.



LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta

The National Union of Icelandic Students

Established 2013



Reykjavík, 31. ágúst 2020

Umsögn LÍS um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar).

Frumvarpið leggur áherslu á lausnir við langtímaatvinnuleysi, þ.e. til lengri tíma en 6 mánuði, en ekki eru færð sérstök rök fyrir því hvers vegna eða með hvaða hætti aðgerðirnar tengjast atvinnuleysi vegna kórónuveirufaraldursins. Fram kemur í greinargerð að um er að ræða aukin útgjöld til skemmri tíma lítið en sparnað til lengri tíma lítið, en samt sem áður er bein tenging við áhrif COVID-19 ekki til staðar. Frumvarpið er byggt á tillögum Samhæfingarhóps um atvinnu- og menntaúrræði af félags- og barnamálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra. Hópurinn er enn við störf og á LÍS þar sæti, fulltrúar LÍS hafa þar beitt sér fyrir hagsmunum stúdenta og munu gera það áfram, en lítið er um beinan stuðning við núverandi námsmenn í þessu frumvarpi til lagabreytinga. Það má nefna tvennt sem mun koma stúdentum vel:

1. **6. gr b liður:** Leyfilegur fjöldi eininga sem má stunda án þess að atvinnuleysistrygging skerðist hækkaði úr 10 í 12 einingum. Þetta er skref í rétta átt en enn fellur stór hópur milli kerfa, þar sem stunda þarf að lágmarki 22 einingar til að eiga rétt á námslánnum. Hægt er að sækja um undanþágu til að stunda allt að 20 eininga nám, en aðeins í [námi sem er ekki lánshæft](#).
2. **6. gr d liður:** Stúdentar í námi sem er skipulagt samhliða vinnu hafa hlotið rétt til atvinnuleysisbóta. Það er fagnaðarefni, enda á þessi hópur ekki rétt á námslánnum og því mikilvægt að þeim standi til boða úrræði verði þau fyrir atvinnumissi.

Helsta breytingin sem þetta frumvarp felur í sér er grunnur að átaki að nafni *Nám er tækifæri*, sem byggt er áttakinu *Nám er vinmandi vegur* frá því í eftirmálum efnahagshrunsins 2008. Í núverandi mynd felur átakið í sér möguleika fyrir 3000 manns til þess að stunda nám án þess að missa rétt til atvinnuleysisbóta. Það á eftir að koma í ljós nákvæmlega hvaða námsbrautir átakið *Nám er tækifæri* mun ná yfir en svo virðist sem það eigi að ná yfir einhverjar námsleiðir á háskólastigi, þar sem það er nefnt að ráðherra sé heimilt að skilgreina átakið nánar hvað þetta varðar. Almennt er háskólanám ekki skilgreint sem vinnumarkaðsúræði, eins og sjá má á 12. grein laga um vinnumarkaðsaðgerðir og reglugerð og um nám og námskeið sem eru viðurkennd sem vinnumarkaðsúræði. Verði háskólanám í boði í þessu átaki kemur upp sú staða að 1000 einstaklingar á önn í 3 annir, 5% af heildarfjölda stúdenta, fái að halda í rétt til atvinnuleysisbóta meðan þeir stunda nám.

Ljóst er að einhverjum mun þykja misrétti fólgin í því að ákveðnir einstaklingar haldi rétt sínum til atvinnuleysisbóta samhliða því að hefja nám, meðan hinn almenni stúdent er alfarið án atvinnuleysistrygginga. Samkvæmt könnun [EUROSTUDENT](#) vinna 70% námsmanna á Íslandi með námi en árið 2010 var lögum um atvinnuleysisbætur breytt þannig að námsmenn teljist ekki tryggðir þrátt fyrir að uppfylla skilyrði um virkni á vinnumarkaði. Stúdentar hafa undanfarna mánuði haldið á lofti kröfu um atvinnuleysisbætur í námshléum, þ.e. yfir sumartímum. Stúdentar verða eins og aðrir fyrir áhrifum þess efnahagsástands sem ríkir á tímum COVID-19, en erfitt er að meta hlutfall atvinnulausra meðal stúdenta þar sem þeir eru ekki teknir með í tölur [Vinnumálastofnunar](#) um fjölda atvinnulausra. [Könnun LÍS frá því í maí](#) sem um 2500 manns tóku þátt í sýndi 40% atvinnuleysi meðal stúdenta. Aðgerðir ríkisstjórnar í atvinnumálum tóku vissulega á þessum vanda með sköpun sumarstarfa fyrir þennan hóp, en Félagsmálaráðherra taldi ekki þörf á frekari aðgerða þegar ekki tókst að ráða í öll störf. Stúdentar hafa bent á í athugasemd við tillögur SAM hópsins að kanna þurfa nánar ástæðurnar að baki, hvort auglýst störf hafi raunverulega verið aðgengileg ungu fólki varðandi skilyrði um hæfni og reynslu. Offramboð af störfum sem stúdentar uppfylla ekki hæfniskilyrðin í er ekki lausn á atvinnuvanda stúdenta.

Haldi ríkisstjórnin fast í þá afstöðu að stúdentar skulu áfram teljast ótryggðir í lögum um atvinnuleysisbætur þá leita stúdentar skýringar á því að ákveðnum hópi sé samt veittur þessi stuðningur. Viljum við hér ekki draga úr vanda þeirra sem hafa verið atvinnulausir í meira en 6 mánuði, þennan hóp þarf að styðja, en viljum benda á að staða þeirra sem eru í námi er einnig

mjög slæm, og að ef koma skal í veg fyrir að fólk neyðist til þess að hætta í námi vegna fjárhagsörðuleika þarf að grípa til frekari aðgerða.

Það hefur verið [endurtekin krafa](#) stúdenta að framfærslulán hækki, sú krafa er nátengd velferð stúdenta í því ástandi sem nú blasir við samfélaginu. Tenging úthlutunarregla Menntasjóðsins við þetta frumvarp en sú að birtar úthlutunarreglur gera stúdentum erfitt fyrir að framfleyta sér meðan þau eru í námi, og þurfa ýmist að vinna til að eiga fyrir útgjöldum umfram eða í staðinn fyrir að taka námslán. Ef atvinnuleysi meðal stúdenta er jafn hátt og [kannanir stúdenta gáfu](#) [vísbendingar um](#), og þar sem tímabil sumarvinnu á vegum hins opinbera er lokið, er miklar líkur á því að stúdentar séu í fjárhagsvanda og gætu neyðst til þess að hætta í námi til að vinna fyrir sér, ef vinnu er að fá, eða til að eiga rétt á atvinnuleysisbótum.

Framfærslulán eins þau eru nú gera ráð fyrir að lántakar séu í vinnu og afla sér tekna upp að, en ekki fram yfir, frítekjumark. Rétt er að nefna að frítekjumark þeirra sem koma af atvinnumarki var fimmfaldað í [nýjustu úthlutunarreglum](#), en frítekjumark þeirra sem eru í námi stóð nánast í stað, það hækkaði úr 1.300.000 krónur í 1.364.000 krónur. Útreiknaðar ráðstöfunartekjur einstaklings í leiguhúsnæði, þ.e. samanlögð grunnframfærsla og tekjur af vinnu, eru samkvæmt úthlutunarreglum Menntasjóðsins fyrir árið 2020-2021 aðeins 249.438 krónur. Fari mánaðarlaun yfir 113.000 krónur skerðist þessi upphæð um allt að 45%. Til samanburðar eru [lágmarkslaun](#) almennt rúmar 300.000, og [atvinnuleysisbætur](#) 289.510 kr. á mánuði miðað við 100% bótarétt. [Dæmigert nevsluviðmið](#) einstaklings án húsnæðiskostnaðar er 130.742 krónur og hægt er að reikna út frá tölum [Þjóðskrár um meðal leiguverð það sem af er ári 2020](#)¹ að stúdíó íbúð á höfuðborgarsvæðinu kosti um 150.000 krónur á mánuði. Þannig leiða líkur að því að námsmaður sem misst hefur vinnuna, en á ekki rétt á atvinnuleysisbótum, muni eiga mjög erfitt með að mæta útgjöldum sínum í vetur þrátt fyrir að þiggja lán.

LÍS hefur gagnrýnt úthlutunarreglur á þeim vettvöngum sem á við, en samráðshópurinn er einn vettvangur til þess. Eitt markmið SAM hópsins var að skoða skörun milli bótakerfa, einkum Atvinnuleysisstryggingasjóðs og Lánaþjóðs ísl. Námsmanna, nú Menntasjóð námsmanna. Starf hópsins er ekki lokið, og munu fulltrúar LÍS vinna áfram að þessu markmiði, en LÍS telja að

¹Tölur fengust í Excel skjali sem er fáanlegt hér:

<https://www.skra.is/um-okkur/frettir/frett/2020/05/20/Upplysingar-um-leiguverd-ibudarhusnaedis-i-april-2020/>

Þetta frumvarpið í brúni ekki nógu vel bilið milli þessara kerfa. Meðan grunnframfærsla er eins lág og raun ber vitni, þurfa stúdentar á auknum stuðningi að halda með sértækum úrræðum yfirvalda. Fjárhagstaða stúdenta hefur lengi verið slæm, en krísa eins og kórónuveirufaraldurinn getur valdið því að slík vandamál fljóti upp á yfirborðið. Ekki er unnt að bíða eftir næstu úthlutunarreglum Menntasjóðsins vorið 2021, þörf er á því að staða stúdenta sé grandskoðuð og lausnir fundar til að mæta þeirra þörfum strax.

Fyrir hönd Landssamtaka íslenskra stúdenta

Jóhanna Ásgeirsdóttir, forseti LÍS

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar), 972. mál.

Landssamtökin Proskahjálpar vilja koma eftirfarandi á framfæri við velferðarnefnd og Alþingi.

Vegna kórónaveirunnar hefur ýmsum starfseiningum sem eru sóttar af fötluðum einstaklingum og reknar eru af ríki og/eða sveitarfélögum verið lokað um lengri eða skemmri tíma. Engin ástæða er til að ætla, eins og staðan er nú og útlitið er, að það muni ekki gerast á komandi mánuðum og jafnvel misserum. Þeir fötluðu einstaklingar sem fá þjónustu á stöðum sem er lokað þurfa mjög oft að dveljast á heimilum sínum þann tíma sem þeir annars hefðu verið á þeim stöðum og hefðu fengið þar þá **þjónustu sem þeir** þurfa vegna fötlunar sinnar og **eiga lagalegan rétt á að fá**. Það leiðir til þess að foreldrar þeirra og/eða aðrir aðstandendur þurfa í mörgum tilvikum að vera heima hjá þeim til að veita þeim þjónustu og stuðning sem þeir geta ekki verið án vegna fötlunar sinnar.

Proskahjálpar hafa borist margar fyrirspurnir frá fólki sem er í þessari stöðu og hefur eðlilega m.a. miklar áhyggjur af þeim tekjuskerðingum sem það kann að verða fyrir vegna þessa.

Landssamtökunum Proskahjálpar finnst það vera augljóst og mikið réttlætismál að umræddir foreldrar og aðstandendur sem verða að vera frá vinnu af framangreindum ástæðum fái að njóta sama réttar og mælt er fyrir um í þessu frumvarpi, enda er þar einnig um að ræða óhjákvæmilegar fjarvistir frá vinnu vegna kórónaveirunnar.

Með vísan til þess sem að framan er rakið skora samtökin á velferðarnefnd og Alþingi að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu til að tryggja að foreldrar og/eða aðrir aðstandendur fatlaðra einstaklinga sem eru eða verða frá vinnu af framangreindum ástæðum fái greiðslur þegar þeir verða af tekjum vegna fjarvista frá vinnu af framangreindum ástæðum.

Þá benda Landssamtökin Proskahjálpar enn einu sinni á, að sá hópur fólks sem býr við alverstu kjörin í íslensku samfélagi eru þeir sem engar tekjur hafa aðrar en bætur frá Tryggingastofnun ríkisins. Þær bætur eru af óútskýrðum og órökstuddum ástæðum mun lægri en lágmarkslaun og umtalsvert lægri en atvinnuleysisbætur, sem eru þó svo lágar að mjög margir hafa réttilega miklar áhyggjur af því að þær dugi alls ekki fyrir framfærslu fólks í íslensku samfélagi.

Landssamtökin Proskahjálpar skora því enn á ríkisstjórnina og Alþingi að standa við að bæta kjör fatlaðs fólks og öryrkja, eins og segir að skuli gert í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar:

„Ísland á að vera land tækifæra fyrir alla. Til að svo megi verða þarf að styrkja sérstaklega stöðu þeirra sem höllum fæti standa. Gerð verður úttekt á kjörum tekjulægstu hópanna í íslensku samfélagi, tillögur til úrbóta settar fram og þeim fylgt eftir.“

Landssamtökin Þroskahjálþ lýsa eindregnum vilja og áhuga til að hafa samstarf og samráð við ríkisstjórnina og Alþingi um hvernig megi án frekari tafa standa við þessa skýru yfirlýsingu.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Þroskahjálþar

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri Þroskahjálþar

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 31. ágúst 2020

Efni: Umsögn um frumvarp um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónaveiru, 972. mál).

Samtök atvinnulífsins styðja að meginefni til frumvarpið með þeim ábendingum og tillögum sem felast í umsögn þessari.

Lenging tímabils tekjutengdra atvinnuleysisbóta

Samtök atvinnulífsins telja mikilvægt að allar breytingar á grunnreglum laga um atvinnuleysistryggingar, þ.m.t. fjárhæð bóta og greiðslutímabil, verði unnar í nánu samstarfi við aðila vinnumarkaðarins. Nú er unnið að endurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar og verða allar grundvallarbreytingar að bíða þeirrar endurskoðunar. Í ljósi þess að lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta er einungis tímabundin aðgerð vegna alvarlegs ástands í atvinnulífinu þá munu Samtök atvinnulífsins ekki setja sig upp á móti þeirri tillögu en benda þó á að lenging þessa greiðslutímabils getur haft letjandi áhrif á atvinnuleit hlutaðeigandi einstaklinga og vilja þeirra til að ráða sig til starfa þar sem laun eru lægri en tekjutengdar bætur.

Framlenging hlutabóta

Lagt er til að sérstakt hlutabótaúrræði skv. bráðabirgðaákvæði með lögum um atvinnuleysistryggingar verði framlengt til 30. október 2020. Samtök atvinnulífsins styðja framlengingu þessa úrræðis en telja að óheppilegt sé að framlengja það til skamms tíma í senn. Ljóst má vera að staðan í mörgum atvinnugreinum, sér í lagi ferðaþjónustu, verður erfið í vetur og mun færri störf í boði en verið hefur. Hagfelldara er fyrir hlutaðeigandi einstaklinga og samfélagið að sem flestum gefist kostur á að halda sambandi við sinn atvinnurekanda með hlutastarfi. Það er hins vegar erfitt fyrir atvinnurekendur að skipuleggja mönnun vetrarins ef ekki er meiri fyrirsjáanleiki í lögbundnum úrræðum vegna Covid-19. Samtök atvinnulífsins mæla því með að framlenging hlutabóta verði til lengri tíma, a.m.k. til áramóta.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 50/2020 um stuðning úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti þá eiga launamenn forgangsrétt að starfi hafi

atvinnurekandi þegið stuðning vegna launa á uppsagnarfresti. Því má gera ráð fyrir að einhverjum launamönnum verði boðin endurráðning við lok uppsagnarfrests nú um mánaðamótin. Ekki er skýrt í bráðabirgðaákvæði um hlutabætur með lögum um atvinnuleysistryggingar hvort einstaklingur geti sótt um hlutabætur á grundvelli ákvæðisins verði hann endurráðinn í lægra starfshlutfall en hann áður sinnti hjá atvinnurekanda. Rétt er að nefndin skýri ákvæðin hvað þetta varðar, einnig þegar starfsmaður fer í hlutastarf í beinu framhaldi af uppsagnarfresti.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins



Ragnar Arnason, lögmaður,
forstöðumaður vinnumarkaðssviðs



Reykjavík 31.08.2020

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar), mál 972.

Samtök ferðapjónustunnar (SAF) vísa til tölvupóst velferðarnefndar frá 28. ágúst 2020 þar sem óskað var eftir umsagnar SAF um mál nr. 972, frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar). Í grunnin styðja SAF frumvarpið en vilja hins vegar að gerðar verði eftirfarandi breytingar á frumvarpinu áður en það verður að lögum.

Framlenging hlutabótaleiðar

Frumvarpið er lagt fram fyrir Alþingi í ljósi þeirra miklu óvissu sem ríkir á íslenskum vinnumarkaði vegna útbreiðslu kórónuveiru (SARS-CoV-2) sem veldur COVID-19 sjúkdómnum. Í greinargerð frumvarpsins kemur fram að nú þegar hefur orðið mikill samdráttur í ferðapjónustunni eftir að heimsfaraldur veirunnar braust út og er ófyrirséð hve langt samdráttarskeið verður. Í ljósi þess vekur það furðu SAF af hverju hlutabótaleiðin svokallaða er einungis framlengd í tvo mánuði. Að mati SAF er með þessu sýndur lítill vilji til að koma á einhverjum fyrirsjáanleika fyrir fyrirtæki. SAF mælast til þess að frumvarpið beri með sér leið sem staðfestir að hlutabótaleiðin verði til staðar á íslenskum vinnumarkaði svo lengi sem stjórnvöld beita sóttvarnaraðgerðum á íslenskt samfélag. Ráðningasamband vinnuveitanda og starfsmanns er mikilvægt og þess vegna var þessi aðgerð sett á í upphafi. Ef það er ekki í boði að koma með varanlegri leið í þessum efnum þá er lagt til að lengja í aðgerðinni þannig að hún gildi a.m.k. út árið.

Hækka hlutfall hlutabóta

Þegar hlutabótaleiðin var sett í mars sl. með lögum nr. 23/2020 í kjölfar fyrsta aðgerðarpakka ríkisstjórnarinnar var miðað við 25% starfshlutfall. Mælt var fyrir um í lögnum að ákvæðið skyldi falla úr gildi 1. júní 2020. Fyrirtæki voru hvatt til að nýta sér úrræðið til að viðhalda ráðningasambandi sem myndi að öðrum kosti glatast. Með lögum nr. 44/2020 voru gerðar breytingar á hlutabótaleiðinni. Ein af þeim breytingum var m.a. sú að auka starfshlutfall hlutabóta í 50%. Úrræðið átti að gilda út 31. ágúst 2020.

Hægt er að segja að ákveðin bjartsýni hafi ríkt fyrr í sumar um að ástandið, sem kórónuveiran veldur færi batnandi og yrði ekki varanlegt. Raunin er hins vegar önnur. Ástandið mun vara út árið hið minnsta, líklega næstu misseri. Því þarf að horfa til upphaflegu laganna en ekki þeirra laga sem voru sett í maí og miða starfshlutfallið við a.m.k. 25%.

Nám er tækifæri

Í frumvarpinu er mælt fyrir um að Vinnumálastofnun sé heimilt að gera sérstakan námssamning við atvinnuleitanda sem telst tryggður innan atvinnuleysistryggingakerfisins. Vinnumálastofnun og viðkomandi atvinnuleitandi skulu gera með sér samning. Með honum skuldbindur atvinnuleitandi sig til að stunda nám sem hann hefur valið sér í samráði við stofnunina og fellur undir átakið *Nám er tækifæri*. Samningurinn hefur ekki áhrif á rétt viðkomandi atvinnuleitanda til atvinnuleysistrygginga.

Eitt af skilyrðunum fyrir fyrrgreindum samningi er meðal annars að viðkomandi atvinnuleitandi hafi verið í virkri atvinnuleit og skráður án atvinnu hjá stofnunni í a.m.k. sex mánuði áður en hann óskar eftir fyrrgreindum samningi.

Áhrif núverandi ástands hófst í lok ferbrúar 2020. Atvinnuleitendur sem hafa orðið fyrir áhrifum af kórónukreppurnar uppfylla því fæstir ef nokkur þeirra ofangreint skilyrði. Þó það sé sérstaklega mikilvægt að koma sérstaklega til móts við þá sem hafa verið í atvinnuleit lengi vilja SAF benda á að til þess að þetta úrræði virki fyrir sem flesta þá er mikilvægt að stytta sex mánaða tímabilið. Núverandi ástand mun vafalaust vara næstu mánuði ef ekki misseri. Það mun taka langan tíma að koma þeim sem eru og/eða verða atvinnulausir á næstu mánuðum aftur á vinnumarkaðinn.

Núverandi ástand mun vafalaust vara í lengri tíma en nokkurn óraði fyrir og því er mikilvægt fyrir stjórnvöld að fara að beita aðgerðum sem voru óhugsandi í upphafi. Aðgerðum til að viðhalda ráðningasamböndum svo verðmæti glatist ekki. Að því sögðu vilja samtökin benda á að það sé orðið tímabært að huga að því að veita fyrirtækjum svokallaða beina rekstrarstyrki til að styðja við fyrirtæki sem eiga sér enga von um að fá nokkrar tekjur fyrr en samfélagið fer aftur í gang með eðlilegum hætti.

Virðingarfyllst,

f.h. SAF – Samtaka ferðapjónustunnar



Jóhannes Þór Skúlason

framkvæmdastjóri

31. ágúst 2020

Réttur stúdenta til atvinnuleysisbóta í námshléum til 1. janúar 2010

Með [pskj. 314 – 273. mál](#), frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, og lögum nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, sem lagt var fyrir Alþingi í nóvember 2009, á 138. löggjafarþingi 2009–2010, var sú breyting lögð til að námsmenn geta ekki talist tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Samkvæmt ferli málsins á þingvefnum fór 3. umræða og samþykki frumvarpsins fram þann 18. desember 2009. Því er ljóst að sumarið 2009 stóð réttur námsmanna til atvinnuleysisbóta óhaggaður sumarið 2009, eða sumarið eftir hrun, eins og við höfum haldið fram frá upphafi. Stúdentaráð lét málið sig varða á þeim tíma líka eins og [sjá má hér](#).

Samkvæmt 3. gr. laga um tryggingagjald nr. 113/1990 renna tekjur ríkisins af atvinnutryggingagjaldi, sem greitt er af launum starfsfólks, til Atvinnuleysistryggingasjóðs og Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga. Í dag er gjaldið 1,35% af launum alls vinnandi fólks, þar á meðal stúdenta.

Ef miðað er við að 70% námsfólks við Háskóla Íslands vinni samhliða námi, í 50% starfi og fullu starfi að sumri á lágmarkslaunum, [skv. kjarasamningi SGS og SA](#) frá 2010, nema atvinnutryggingagjöld þess hóps yfir [3,5 milljarða króna](#) frá árinu 2010. Samkvæmt Eurostudent vinna stúdentar þó að meðaltali [26 klst. á viku](#) með námi sem er nær 70% starfshlutfalli og því er talan í raun töluvert hærri en 3,5 milljarðar sem stúdentar hafa greitt í sjóðinn.

Isabel Alejandra Diaz, forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

150. löggjafarþing 2019-2020
Þingskjal 2037 - 972. mál

31. ágúst 2020

Umsögn Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna frumvarps til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar)

Krafa Stúdentaráðs Háskóla Íslands um að stúdentum skuli tryggja rétt til atvinnuleysisbóta, eins og þeir áttu í námshléum til ársins 2010, stendur og einkorðast ei lengur einungis við sumarið 2020. Það var í desember 2009 sem sú breyting var samþykkt á atvinnuleysistryggingarkerfinu að námsmenn geta ekki talist tryggðir innan þess, með [lögum nr. 134/2009](#).

Þrátt fyrir úrræði stjórnvalda til að koma til móts við stúdenta hefur helstu kröfu ráðsins um fjárhagsöryggi með atvinnuleysisbótum ekki verið svarað. Stúdentaráð lýsir yfir vonbrigðum vegna þessa enda er engin langtímalausn boðuð við atvinnuleysi meðal stúdenta, verði sem dæmi bakslag vegna faraldursins eða aðrar sambærilegar áskoranir í framtíðinni.

Umsögn varðandi 6. gr. b.

Einstaklingi er ekki heimilt að vera í meira en 10 ECTS einingum samhliða vinnu til þess að eiga rétt á atvinnuleysisbótum, missi hann vinnuna. Hér er lagt til að hækka téð hámark úr 10 einingum í 12 einingar og er sú tillaga byggð á því námsfólk á háskólastigi sé almennt í 6 eininga námskeiðum. Það er hins vegar allur gangur á einingafjölda eftir fræðasviðum, deildum og loks námsleiðum. Námskeið í grunnnámi við [lagadeild](#) í Háskóla Íslands eru til að mynda allt frá 5 einingum upp í 18 einingar og námskeið við [íslensku- og menningardeild](#) eru öll 10 einingar. Þá ber að nefna að fullt nám miðast við 30 einingar og þessi breyting veitir stúdent ekki frekara svigrúm en fyrir 1-2 námskeiðum.

Hækkun hámarksins mun því einungis gagnast námsfólki sem ekki stundar fullt nám og þar með er stór hópur námsfólks enn undanskilinn atvinnuleysistryggingakerfinu. Stúdent í fullu námi og hlutastarfi með hefur engan rétt á að sækja sér fjárhagsaðstoðar verði hann án atvinnu. Með þessu móti er ekki verið að koma í veg fyrir að erfiðar aðstæður stúdenta frá því í vor og sumar endurtaki sig.

Umsögn varðandi 9. gr.

Lagt er til að einstaklingi á atvinnuleysisbótum sé heimilt að stunda nám án þess að réttur hans innan atvinnuleysistryggingakerfisins skerðist. Er þetta áttak kallað *Nám er tækifæri*. Hér er lögð áhersla á möguleika fólks til að stunda nám samhliða vinnu og aftur gengið framhjá möguleika fólks til að vinna samhliða námi. Þetta úrræði gagnast ekki núverandi stúdentum, en staða stúdenta á Íslandi í íslensku menntakerfi er þannig að yfirgnæfandi meirihluti stúdenta vinnur með námi nú þegar. Stúdentaráð ítrekar að um [69% stúdenta](#) vinna samhliða námi og í [86% tilvika](#) er það til þess eins að geta framfleytt sér. Þá eru 71% stúdenta sem vinna svo þeir eigi efni á því að stunda nám og 87% vinna á sumrin.

Stúdentaráð undirstrikar að það sé að sjálfsögðu mikilvægt að komið sé til móts við þau sem eru að horfa fram á langtímaatvinnuleysi og tekur ráðið því ávallt fagnandi að fólk geti stundað nám, það er það sem jafnrétti allra til náms snýst um. Á sama tíma vekur undrun að krafa stúdenta, sem hefur verið skýr frá fyrsta degi, hefur alltaf mætt lokuðum dyrum því það er talið of vandasamt að fara í stórar kerfisbreytingar. Þetta nýja úrræði sýnir okkur þó að það sé gerlegt.

Það má til að benda að ef gildistaka ákvæðisins er 1. janúar 2021 kann það að hafa takmörkuð áhrif á hversu vel er hægt að nýta úrræðið, þar sem skipulag náms er alla jafna frá og með haustönn en ekki vorönn.

Aðrar athugasemdir vegna greinagerðar

Fram kemur að heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar sé í undirbúningi og að endurskoðunin muni fara fram í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins. Það er fagnaðarefni að von sé á slíkri endurskoðun á lögnum enda vísar það til þess að kerfisbreytingar séu raunar framkvæmanlegar, og því er greinilegt að tækifæri sé til að taka til umræðu atvinnuleysisbótakröfu stúdenta. Vegna þessa óskum við eftir því að endurskoðunin taki mið af kröfu stúdenta og eigi sér stað í samvinnu við þá, sem viðeigandi hagsmunaaðilar.

Það er mjög mikilvægt að námsfólk sé haft með í ráðunum og erum við sem fulltrúar þeirra að sjálfsögðu gríðarlega þakklát fyrir að óskað sé eftir álit okkar. Við eigum hins vegar erfitt með að tala um samráð þegar við fáum aðeins að sitja við borðið en ekki er tekið mark á því sem við leggjum fram. Stúdentaráð lagði til að mynda [athugasemdir](#) við seinni tillögur Samhæfingarhópsins um atvinnu- og menntaúrræði, skipaður af mennta- og menningarmálaráðherra og félags- og barnamálaráðherra, og



Stúdentaráð Háskóla Íslands

óskaði sömuleiðis eftir frekari viðræðum en ekki hefur orðið við þá beiðni ráðsins. Þá lögðu fulltrúar stúdenta fram [bókun](#) í vor sem gerði grein fyrir skorti á því að þörfum stúdenta sé mætt, og átti hún að fylgja fyrstu tillögum hópsins frá því í maí. Forseti Stúdentaráðs situr í samhæfingarhópnum sem fulltrúi Landssamtaka íslenskra stúdenta.

Önnur atriði

Ein helstu mótrökin gegn atvinnuleysisbótakröfu stúdenta eru að námslánakerfið eigi að grípa námsfólkið. Stúdentaráð hefur haldið því til haga að það fagni heildarendurskoðun námslánakerfisins og að góð atriði séu að finna í því, en harmar tilhögun grunnframfærslu framfærslulána sem og sjálfbærnishugsjón Menntasjóðsins. Framfærslulánin duga stúdentum ekki og neyðast þeir þess vegna til að vinna samhliða námi til að framfleyta sér. Aftur á móti skerðast lánin þéni þeir tekna umfram frítekjumarkið. Þá verður til vítahringur þar sem stúdentar neyðast til að vinna meira til geta framfleytt sér. Stúdentum sem vinna samhliða námi er þannig refsað með skerðingum, á sama tíma og lág framfærsla gerir það að verkum að margir stúdentar verða að vinna. Nýjar úthlutunarreglur Menntasjóðsins fyrir skólaárið 2020-2021 tóku ekki á þessu vandamáli.

Atvinnuleysisbótakrafa Stúdentaráðs hefur ekki undir neinum kringumstæðum snúist um að stúdent sem ekki hefur þörf á að sækja sér fjárhagsaðstoðar geti gert svo frjáltslega. Ef við myndum snúa aftur til kerfisins sem var við lýði fyrir 2010 myndu vinnandi námsmenn einfaldlega geta sótt sér í þann rétt sem þeir hafa áunnið sér með greiðslu atvinnuþryggingagjalds af launum þeirra. Atvinnuleysisbæturnar sjálfar væru því í samræmi við hve mikið einstaklingur hefur unnið síðastliðna 36 mánuði rétt eins og hjá öðrum sem missa vinnuna.

Ef miðað er við að 70% námsfólks við Háskóla Íslands vinni samhliða námi, í 50% starfi og fullu starfi að sumri á lágmarkslaunum, [skv. kjarasamningi SGS og SA](#) frá 2010, nema atvinnuþryggingagjöld þess hóps yfir [3.5 milljarða króna](#) frá árinu 2010. Samkvæmt Eurostudent vinna stúdentar þó að meðaltali [26 klst. á viku](#) með námi sem er nær 70% starfshlutfalli og því er talan í raun töluvert hærri en 3,5 milljarðar sem stúdentar hafa greitt í sjóðinn. Það er staðreynd að stúdentar leggja atvinnuleysistryggingasjóði lið með þeirra vinnuframlagi og því fráleitt að þeir hafi verið án réttinda úr sjóðnum í áratug. Það er ljóst að það er ekkert traust öryggisnet til staðar fyrir þennan þjóðfélagshóp.

Þá má réttilega bæta því við að samkvæmt 76. gr. Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands



Stúdentaráð Háskóla Íslands

nr. 33/1944 skal öllum, sem þess þurfa, tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna atvinnuleysis. Jafnræðisregla stjórnarskrárinnar í 65. gr. segir að allir skulu vera jafnir fyrir lögum. Vinnandi einstaklingur í námi nýtur ekki jafns réttar og vinnandi einstaklingur sem er ekki skráður í nám. Það er staðreynd, enda hafa vinnandi námsmenn eingöngu rétt á **lánnum**, sem þeim ber að greiða til baka að námi loknu, í 9 mánuði ársins og engan rétt á fjárhagsaðstoð frá ríkinu hina 3 mánuði ársins. Meðan vinnandi fólk sem ekki er skráð í nám hefur sama öryggisnet sem grípur þá allan ársins hring, atvinnuleysisbætur.

Alþjóðasamningar sem Ísland hefur skuldbundið sig til að virða kveða einnig á um réttindi allra til atvinnuleysistryggingakerfis og réttar til fjárhagsaðstoðar ef einstaklingur er án atvinnu. Námsmenn eru þó án úrræða um tímabundin fjárhagslegan stuðning þrátt fyrir atvinnuleysi í 3 mánuði ársins. Til að tryggja viðunandi lífsafkomu líkt og 11. gr. ESCR (Economic, Social and Cultural rights) og 25. gr. MRYSGB (mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna), 11. gr. EFMR (samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg og félagsleg mannréttindi) kveða á um, þarf að breyta þessu.

Samkvæmt 16 málsgrein [general comment no 19 efnahags og félagslega ráðs Sameinuðu þjóðanna](#): The right to social security; *“The social security system should also cover other workers, including part-time workers, casual workers, **seasonal workers**, and the self-employed, and those working in atypical forms of work in the informal economy”*. Námsmenn eru án efa „seasonal workers“ enda flykkjast þúsundir þeirra á vinnumarkaðinn á sumrin.

Fyrir hönd Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Isabel Alejandra Díaz
Forseti Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Skrifstofa Alþingis
bt. nefndasviðs
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 31.8.2020

Efni: Umsögn VIRK-Starfsendurhæfingarsjóðs um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum til að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru (frekari aðgerðir vegna vinnumarkaðar)

VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður þakkar fyrir að fá þetta frumvarp til umsagnar. Í því eru fjölmörg atriði sem hafa það að markmiði að auka virkni og þátttöku einstaklinga í erfiðri stöðu sem er mikilvægt og þarft á þessum tíma. Í þessari umsögn er hins vegar eingöngu fjallað um þá þætti er lúta að starfsendurhæfingu og þjónustu VIRK.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að auka möguleika einstaklinga sem sækja þjónustu VIRK til ávinnslu atvinnuleysisbóta þar sem meta á þátttöku í starfsendurhæfingu til þrettán vikna vinnuframlags í fullu starfi. Þetta er jákvætt skref en mig langar að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:


- 1. Mikilvægt er að þetta sé ekki tímabundin breyting vegna Covid-19 heldur réttur sem er kominn til að vera. Þetta er mjög þörf breyting sem auðvelt er að rökstyðja á hvaða tíma sem er.**
- 2. Í 4. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir því að meta starfsendurhæfingartímabilið til þrettán vikna vinnuframlags. Að okkar mati er sanngjarnt að starfsendurhæfing sé metin til mun lengra tímabils en 13 vikna.** Meðaltími einstaklinga í starfsendurhæfingu hjá VIRK er um **13-14 mánuðir** og á þessum tíma á sér stað mikil vinna með einstaklingnum sem krefst bæði tíma og virkrar þátttöku og þar sem mikil áhersla er lögð á að efla starfsgetu og auka tengsl við vinnumarkaðinn.

Til frekari rökstuðnings fyrir lengri tíma en 13 vikum má einnig benda á eftirfarandi:

- Að VIRK-Starfsendurhæfingarsjóði standa aðilar vinnumarkaðarins og VIRK er í miklu samstarfi við bæði stéttarfélag og atvinnurekendur um allt land.
- Starfsendurhæfing hjá VIRK miðar markvisst að aukinni vinnugetu og er hún oft útfærð í samstarfi við vinnumarkaðinn þar sem vinnutengd úrræði svo sem vinnuprófanir geta verið hluti af áætluninni. Gerðar eru skýrar kröfur til þátttöku og mætinga og stefnan um vinnumarkaðsþátttöku er alltaf mjög skýr.
- Það er mikilvægt að einstaklingar sem ljúka starfsendurhæfingu frá VIRK hafi möguleika á að fara á atvinnuleysisbætur þar sem markvisst er unnið að því að finna starf við hæfi. Ef slíkur réttur er ekki til staðar þá getur verið meiri hættu á því að einstaklingar tapi niður þeim árangri sem þeir hafa náð í starfsendurhæfingunni.

Við hjá VIRK erum ávallt reiðubúin til að veita allar nánari upplýsingar er varða ofangreint og starfsemina í heild sinni.

Með bestu kveðju,



Vigdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VIRK - Starfsendurhæfingarsjóðs